

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna stækkunar hafnarsvæðis á Seyðisfirði, Múlaþingi.

Skipulagsstofnun staðfesti 25. febrúar 2025 breytingu á aðalskipulagi fyrrum Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. janúar 2025.

Í breytingunni felst stækkun á hafnarsvæði um 3 ha með um 149.000 m³ landfyllingu og 280 m löngum viðlegukanti. Smábátahöfn er færð austar og nýtt safnasvæði skilgreint vestanmegin á skipulagssvæðinu. Iðnaðarsvæði skólphreinsistöðvar er fært frá hafnarbakka og íbúðarsvæði ásamt verslunar- og þjónustusvæði við árfarveg Búðarár eru felld út.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 25. febrúar 2025.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 11. mars 2025